

REGLUGERÐ

um ávana- og fíkniefni.

1. gr.

Samkvæmt 4. gr. laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923, sbr. lög nr. 43 2. maí 1968 um breyting á þeim lögum, er hér með úrskurðað, að ákvæði nefndra laga gildi um eftirtalin efni, auk lyfja og efna þeirra, sem falla undir 1. og 2. gr. laganna, þar sem sannað er við vísindalega rannsókn, að þau má misnota eða hafa lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr. laganna:

Kannabis (marihuana), lyselgið (LSD), meskalín (peyote) og psílócybín, svo og hvers konar blöndur og samsetningar, sem þessi efni hafa að geyma.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um ávana- og fíkniefni, útgefin 14. október 1969.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. nóvember 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

3. mgr. 46. gr., sbr. breytingu nr. 95 14. júlí 1958, orðist svo:

Almennur hámarkshraði í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur skal vera 45 km miðað við klukkustund. Borgarstjórn er heimilt að ákveða annan hámarkshraða á einstökum vegum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. nóvember 1969.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.